



## Mál Hljóðfæraverslunar Helga Hallgrímssonar 1933.

---

Bjarni Benediktsson – Helgi Hallgrímsson – Guðmundur Ólafsson – Sveinn Björnsson – Firma Ullstein –  
Bogi Brynjólfsson – Magnús Thorlacius – O. Lindholm – Kæra – Bosworth & Co. – Leipzig – Berlin

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-2, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SVEINN BJÖRNSSON'S  
Sagførerforretning

-----  
G. Ólafsson, P. Magnússon  
Højesteretsadvokater

-----  
Telegramadr.: Isbjörn

-----  
GÓ/KP.

REYKJAVÍK, d. 27. Juni 1933.  
Island

Stimplar: ULLSTEIN  
7.VII.33.10-11V.  
POST-ZENTRALE

Mahnwesen erl. vom  
am

Firma Ullstein,

B e r l i n.  
-----

Firmaet Hljóðfaraverslun Helga Hallgrímssonar, (Helga Hallgrímssons Musikhandel) har faaet Betalingsvanskeligheder, men kritisk revision, udført af revisionsfirmaet N. Manscher her af byen, viser dog at firmaet er solvent idet revisionen viser isl. kr. 2832.05 udover debetsaldoen. Disse betalingsvanskeligheder er hovedsagelig forarsagede ved de vanskelige tider vi lever i samt gældende restriktioner paa de varer, som firmaet handler med og som henhører under luksusvarer. Alle firmaets herværende isl. kreditorer er enige om at det fornuftigste vilde være at likvidere firmaet i stilhed uden skifterettens mellemkomst, og forsøge at undgaa skridt, som vilde medføre konkurs, for selv om revisionen udviser solvens, kan hurtig og uforsigtig realisation af varelageret hurtig medføre insolvens. Herværende isl. kreditorer er blevne enige om at opsigte forretningslokalet og har allerede oplagret varelageret med det for øje at holde udsalg til efteraaret naar folks købeevne er bedre end nu og man haaber at faa gunstige priser for lageret, selvom dette er temmelig ukomplet, hovedsagelig paa grund af nye toldrestriktioner paa disse varer. Til Deres orientiering sender vi Dem uddrag af revisionsfirmaets opgørelse og i tilfælde af at De tiltræder likvidationsforslaget bedes De godhedesfuldt (sic) undertegne medfølgende fuldmagt til at tiltræde de isl. kreditorers likvidationsforslag og til at vælge likvidationsudvalget. Svar bedes venligst tilstillet vort

27/6/33.

firma, som har paataget sig at gennemføre likvidationen. Paa dette tidspunkt er det umuligt at udtale sig om udfaldet af likvidationen, men det <sup>(sic)</sup> vil blive udført paa den mest gunstige maade for kreditorerne. I fuldmagtsudkastet er indført bemyndigelse til os for at give møde i skifteretten, men ellers er meningen at likvidationen foregaar uden skifterettens mellemkomst, men denne passus i fuldmagten er nødvendig hvis nogen af kreditorerne skulde finde paa at forlange skifterettens mellemkomst, hvilket vi i grunden intet har at erindre (sic) imod.

For at være sikker paa at Deres tilgodehavende er rigtig anført bedes De venligst udfylde vedkommende sted i fuldmagten. Vi vilde sætte pris paa at modtage Deres ærede svar hurtigst muligt,

Med Höjagtelse,  
Guðmundur Ólafsson

BOGI BRYNJÓLFSSON

FYRRV. SYSLUMAÐUR

MAGNÚS THORLACIUS

LÖGFRÆÐINGUR

SÍMI 1875 · PÓSTHÓLF 752

SKRIFSTOFUTÍMI KL. 10-12  
OG 1-4. LAUGARDAGA 10-12

REYKJAVÍK 14. október 1933.  
HAFNARSTRÆTI 9

Háttvirtu herra.

Samkvæmt 1. gr. laga Málflutningsmannafélags Íslands er tilgangur félagsins að vernda hagsmuni málflutningsmanna, efla góða samvinnu milli þeirra og gæta þess, að þeir fylgi sömu reglum um borgun fyrir störf sín.

Jafnframt því sem eg sendi yður hjálagt eptirrit af kæru minni á hendur Guðmundi Ólafssyni hestaréttarmálflutningsmanni, leyfi eg mér hér með kurteislegast að tjá yður, að eg mun á næsta aðalfundi Málflutningsmannafélags Íslands bera fram tillögu um, að áminnztum Guðmundi Ólafssyni sé vikið úr félaginu.

Virðingarfyllt

*Magnús Thorlacius*

**BOGI BRYNJÓLFSSON**

FYRRV. SYSLUMAÐUR

**MAGNÚS THORLACIUS**

LÖGFRÆÐINGUR

SÍMI 1875 · PÓSTHÓLF 752

SKRIFSTOFUTÍMI KL. 10-12  
OG 1-4. LAUGARDAGA 10-12

REYKJAVÍK 21. okt. 1933  
HAFNARSTRÆTI 9

Hóttvirtu herra.

Í framhaldi af virðingarfyllstu bréfi mínu til yðar, dags. 14. þ.m., leyfi eg mér hér með kurteislegast að senda yður eptirrit bréfs, er Guðmundur Ólafsson hæstaréttarmálflutningsmaður sendi viðskiptavinum mínum, Verlag Ullstein í Berlín. Var honum þá kunnugt um, að eg hefði lengi haft kröfu þessa til innheimtu og loks þann 23. júní 1933 kært Helga Høllgrímsson fyrir sáttanefnd.

Sams konar bréf mun firmanu Bosworth & Co. í Leipzig hafa verið sent.

Eg leyfi mér að vekja eptirtekt yðar á því, að áminntur Guðmundur Ólafsson flaggar hér með nafni góðs, heiðarlegs og þekktis manns.

Aðalfundur félagsins er einn þær um að taka afstöðu til vantanlegrar tillögu minnar, að téðum Guðmundi Ólafssyni sé vikið úr félaginu, sbr. lög fél. 6. gr. 2. mgr. En gjöra má ráð fyrir, að optnefndur Guðmundur Ólafsson hafi áður svarað til sakar á þeim véttvangi, er eg hefi stefnt honum til.

Virðingarfyllst

*Magnús Thorlacius*

## K A R A .

Þann 7. nóv. 1931 ritaði hið heiðraða firma Grotrian-Steinwég í Braunschweig í Þýzkalandi bréf til hins háttvirta Þýzka aðalkonsúlats hér í bæ út af Helga Hallgrímssyni hljóðfarasala, er firmað hafði þá allengi skipt við. Er í því bréfi aðallega fyrirspurn um fjárhag téðs manns, og stafaði fyrirspurnin af því, að þá þegar var farið að brydda á örðugleikum Helga og þar af leiðandi vonendum á skuldbindingum við firmað. Hafði það neyðzt til að fræmlengja víxli fyrir hann eptir simbeiðni. Þetta bréf er áréttað með bréfi 12. s.m. og þar skýrt frá, að Helgi beri fyrir sig gengisfall íslenzkrar krónu og æski því nefndrar fræmlengingar. Með bréfi þessu sendir firmað eptirrit bréfs til Helga sjálfs, þar sem það kvartar yfir því við hann, að hann hafi beiðzt fræmlengingar einungis vegna gengisfalls. Það geti hins vegar ekki gengið, að öllum víxlum sé fræmlengt þannig, því að hefði íslenzk króna ekki fallið, hefði hann verið skuldbundinn til að greiða 80% af þeim. En firmað gjörir honum það tilboð, að hann greiði að eins <sup>98</sup>80% af víxilupphæðinni eptir verðandi gengi, ef örðugleikar verði framvegis á innlausn víxla. Megi greiðslan þá ganga til banka hér í íslenzkum krónum inn á lokaðan reikning firmans; og geti það þá yfirfært fé sitt, þegar hagfelldast sé gengi. Um neins konar fræmlengingu á víxlum í annari mynt en Þýzskum mörkum sé hins vegar ekki að ræða.

Þann 3. december 1931 sendir firmað aðalkonsúlatinu enn bréf. Kveður það Helga hafa sagt sér, að víxill að upphæð £ 31.0.0 pr. 20. sept. hafi fallið vegna yfirsjónar; hafi það þá sent honum eptir beiðni hans sýningarvixil, en þennan sýningarvixil hafi hann alls ekki innleyst, heldur hafi það fengið hann til baka. Senda þeir því aðalkonsúlatinu víxilinn með beiðni um aðstoð lögfræðings. Enn fremur kveður firmað hljóðfari frá sér vera eign sína, æskir skoðunar á vörulager Helga og vill, að hann framselji sér kaupsamninga. Kveðst firmað verða fyrir mesta skaða vegna áframhaldandi falls pundans, er Helgi láti hvern punda-vixil af öðrum falla. Kveður það Helga skulda sér <sup>um</sup>6200 Þýzkar merkur og krefst tryggingar og einbeitrar framkomu.

Þann 18. s.m. ritar firmað aðalkonsúlatinu loks bréf og kveðst nú hafa gjört Helga tilboð um mikla lækun á tveim píanóum, er það hafi sent 21. ágúst og 1. september 1931, og sendir aðalkonsúlatinu eptirrit bréfs til Helga. Verði þessu ekki sinnt, óskar firmað eptir upplýsingum um annan íslenzkan píanókaupmann.

Mál þetta komst í mínar hendur. Innheimti eg fyrst umræddan vixil; hafði áður að mig minnir innheimt smærri upphæðir. Við Sigurður Eggerz áttum síðan í samningum við Helga og lauk þeim með veðskuldaþréfi er Helgi gaf út þann 11. júlí 1932 fyrir 5534.08 Þýzskum mörkum með mjög hagstaðum skilmálum. Fékk Helgi algjörðan greiðslufrest til 1. sept. 1932 og skyldi síðan afborga 350 merkur á mánuði og lúka skuldinni 1. december 1933.

Með umboði, dags. 27. maí 1932, fól hið heiðraða firma O. Lindholm í Borna í Þýzkalandi mér að innheimta kröfu þess á hendur Helga Hallgrímssyni, að upphæð 2568.00 Þýzkar merkur. Áttum við Sigurður Eggerz nú lengi í samningum við Helga og firmað. Þar nokkuð á milli um upphæðina fyrst, en þeim ágreiningi lauk brátt. Gjörði Helgi skriflegt tilboð, en þó tókst ekki að fá hann til að standa við það og semja. Loks í september 1932 þraut þolinmæði okkar, og fékk eg þann 27. október s.á. dóm yfir Helga. Þann 27. december 1932 kómust loks á þeir samningar, að Helgi

skyldi greiða dóminn þannig: Frá 1. jan. 1933 til 1. ág. 1933 incl. skyldi Helgi greiða 100 þýzkar merkur á mánuði. Eptirst. með jöfnum greiðslum á mánuði frá 1. sept. 1933 til 1. sept 1934. Setti hann tryggingu (3000 kr. víxil föður síns) fyrir þessari upphæð.

Inn á þessa skuld hefir Helgi Hallgrímsson ekkert greitt.

Svo sem geta má nærri undi firmað O. Lindholm stórilla við að fá enga greiðslu. Hlífðumst við í lengstu lög við að tjá firmanu vanefndir Helga, af því að við trúðum allt af á, að úr yrði bætt, en þó kom þar, að eigi varð við þagað, og þann 1. apríl 1933 krafðist firmað þess, að gengið væri að Helga með aðför og gjaldþrotabeiðni, ef með þyrfti. Þann 29. s.m. svara eg, að eg muni ekki lengur hafa biðlund með honum heldur heldur gjöra fjárnám.

Þetta fjárnám átti að fara fram seint í maí að mig minnir. Í réttinn hringdi til mín Guðmundur Ólafsson málflutningsmaður við Hæstarétt, heyr-anlega Ölvaður, og bað um frest fyrir Helga. Var eg ófús á að veita hann. Kvað hann þá vera ástæðu til að athuga minn málstað. Eg spurði, hvort þetta ættu að vera aðdróttanir en fékk ekki svar, enda mun hugsun hans hafa verið í þoku. Það varð þó úr fyrir tilmæli fógeta, að fjárnáminu var frestað. En þann 30. maí hafði kærður Guðmundur haft hlé til að rita fyrir Helga gjaldþrotabeiðni til að stöðva fjárnámið.

Veðskuldabréf sitt til Grotrian-Steinweg vanefndi Helgi stórkostlega. Var ekki unnt að fá hann til að greiða neitt, fyrr en Sigurður Eggerz hót-aði honum að tilkynna firmanu það, að hann hafði á bak við okkur sopið upp kaupsamninga, er hann hafði veðsett okkur. Þá galt hann 1. og 2. af-borgun 17. okt. 1932. Þó hélt hann enn uppteknum hatti að súpa veðin.

Eg hafði fengið til innheimtu tvær smákröfur, aðra frá firmanu Verlag Ullstein í Berlín, hina frá firmanu Bosworth & Co. í Leipzig. Þessi heið-ruðu firmu fengu enga greiðslu, þrátt fyrir loforð um annað þeirra. Neyðd-ist eg því til að kæra Helga fyrir sáttanefnd, en þar fekkst hann ekki til að greiða né sættast á neitt.

Í júní byrjun ritaði N. Manscher mér bréf og beiddist þess að fá upp-lýsingar viðvíkjandi ofangreindum firmum. Sumt af því gat hann að vísu fengið hjá skuldara sjálfum en sumt vildi eg hlífast við að rita í bréf og neitaði því að svo stöddu að láta í té áminnztar upplýsingar. Eptir að N. Manscher hafði rokið í lögmann, kom hann til mín og fékk upplýsingar um upphæðir hins 6 máneða gamla dóms og árgamla skuldabréfs og innborgun þá, er fram hafði farið. En auk þess vildi hann fá reikning frá firmanu Grotrian-Steinweg, sem er í mínum vörzlum. Eg neitaði að afhenda hann. Kvað hann mig mundu sjá eptir því. Gjörði hann síðar árangurslausu tilraun til að heimta reikninginn með frækju og ósvífri, með því að láta mig vita (!), að mér væri skylt að afhenda hann samkvæmt reglugjörð um endur-sköðendur. Eg neitaði og féll þá sú óskammfeilni niður.

Í júlí mánuði 1933 barst mér bréf frá firmanu O. Lindholm með inn-lögðu bréfi kærðs. Kveðst það ekki munu svara honum beint en biður mig að annast það. Skömmu síðar fekk eg sams konar bréf frá firmanu Grotrian-Steinweg. Loks barst mér hjálagt bréf frá firmanu Verlag Ullstein, sem segist hafa fengið bréf frá kærðum, dags. 27. júní 1933 eða daginn áður en hin bréfin, og kveðst hafa neitað um umkrafid umboð. Sams konar bréf mun firmanu Bosworth & Co. hafa verið sent.

Kærðum var kunnugt um það, sbr. bréf hans bls. 3, 1. mgr. in fine, að eg hafði síðast taldar kröfur til innheimtu og hafði kart út af þeim til sáttanefndar. Samt fer hann á bak við mig til firmna þessara og heimtar af þeim umboð. Þetta bréf hans hefi eg ekki fengið sent.

Af framanrituðu er ljóst, hver ósannindi eru í bréfum kærðs til O. Lindholm og Grotrian-Steinweg. Sérstaklega má heita, að bréf hans til firmans O. Lindholm sé út í hött, því að fyrir þeirri kröfu hefi eg enga tryggingu nema 3000 kr. víxil bónda úti á landi. Skel eg nú rekja bréf kærðs nokkuru rækilegar.

Kærður byrjar á því að rekja orsakir þess, hve illa er komið fyrir Helga Hallgrímssyni. Gengur Öll fyrsta blaðsíða bréfsins og meira í þetta. Fyrir utan það, að með öllu er rangt, að Helgi Hallgrímsson hefði þurft að biða nokkurt tjón af gengislakkun íslenzkrar krónu, eins og áður er sýnt, þá telur kærður ekki í öllu þessu máli höfuð-orsökina til örðugleika Helga. Hún er sú, að hann hefir betur vit á músík en músíkverzlun, seldi of djarft, mönnum, sem aðrir hljóðfærásalar höfðu neitað um afborgunar-samninga, með lítilli eða engri útborgun o.s.frv.

Það er með öllu rangt, eins og ljóst er af lýsingu minni á staðreynd-unum um innheimturnar á hendur Helga Hallgrímssyni, að eg hafi "framfylgt" kröfum þessum "miskunnarlaus". Leyfi eg mér að vekja athygli hins virðu-lega réttar á því, að það er nákvæmlega ári síðar en firmað O. Lindholm sendir mér málflytningusumboð, að eg eptir ítrekaðar og harðar en ekki ósann-gjærnar kröfur firmens beiðist fjárnáms hjá skuldara, sem ekkert hafði greitt og alla samninga vanefnt. Firmað Grotrian-Steinweg hafði hann auk þess svikið og allt vanefnt eins og hann setti rétt til þess.

Það er rangt, að eg hafi ekki tilkynnt skuldurunum eptir kaupsamning-unum, að afborgunirnar skyldi greiða til mín, enda skipti það ekki máli að því leyti, að Helgi Hallgrímsson hefir sjálfur kvittað fyrir ýmsum af-borgununum, sem hann hafði sjálfur veðsett, og þetta gekk jafnvel svo langt, að eptir það að upp hafði komið, hélt hann áfram uppteknum hætti. Það er algjörlega rangt, að peningar þessir væru sendir mér strax og þessu var veitt athygli. Helgi kom sjálfur með fyrstu og aðra afborgun 17. okt. 1932, en það gjörði hann fyrst eptir að upp höfðu komið svik hans og Sigurður Eggerz hafði tjáð honum, að við gatam ekki annað en tilkynnt um-bjóðanda okkar, Grotrian-Steinweg, hvernig komið væri, og hefði það firma þá kært Helga undir eins. En Helgi hefir sjálfur játað við mig, enda sá eg það af kaupsamningakvittunum við rukkun, að hann hafði tekið við afborg-unum að minnsta kosti allt fram í janúar 1933. Virðist hann beint hfa inn-rukkað téða samninga.

Það er rangt, að það hafi verið "nokkuru síðar", að Sigurður Eggerz gengi úr félagi við mig, því að það gjörði hann ekki fyrr en 1. maí 1933 eða rúmu hálfu ári síðar, en það er ekki dregin á það dul, að hann hafi orðið sýslumaður í útkjálkahéraði, enda á þetta allt að sýna að hér sé um firma í upplausn að ræða.

Varla verður það öðru vísi skilið af ókunnugum mönnum að minnsta kosti en svo, að skiptarétturinn hafi fengið N. Manscher til að fremja endur-skoðun sína á hæg Helga Hallgrímssonar, eptir því sem kærðum segist frá. Þetta er þó olveg rangt. Skiptaráðandi kom þar ekki nærri, enda kom aldrei til aðgjörða skiptaréttar í málinu, þar sem beiðni Helga um gjaldþrota-skripti var tekin aptur, áður en það yrði. Og það skiptir engu máli, þótt apturköllunin væri gjörð eptir ósk lögmanns.

Lýsing kærðs á fundi skuldheimtumanna hjá lögmanni er samfelld, blygðunarlaus fölsun. Fundinn sóttu Helgi Hallgrímsson og með honum Guð-mundur Ólafsson, kærður í þessu máli, og N. Manscher endurskoðandi, Adolph Bergsson fulltrúi og eg. Skiptarétturinn var ekki settur, svo að um engis konar skiptafund var að tefla. Lögmaður neitaði eigi að takagjaldþrotabeiðni Helga Hallgrímssonar til greins, enda gat hann það ekki. Hann skipaði mér ekkert, enda gat hann það ekki. Honum voru engir málavextir kunnugir, nema kannske af lygum kærðs, og fyrir því það hann mig að innheimta fyrst hand-veð, svo sem hægt væri, áður en eg héldi áfram fjárnámi fyrir kröfu O. Lindholm. Sagði eg við hann, að þetta mundi eg gjöra, en ekki tók eg aptur fjárnámsbeiðni mína, og engu lofaði eg Helga né hans umboðsmanni, enda var ekki unnt við þá að tala, því að aðspurðir neituðu þeir að hafa nokkur tilboð að gjöra. Það er lygi kærðs, að borin væri frem og samþykkt tillaga um, að Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar skyldi lokað og vörurnar seldar með haustinu. Engin tillaga var borin upp á fundi þessum hjá lög-manni, hvorki þess efnis né annars, hveð þá að slíkt væri samþykkt af lög-

manni né neinum. Og það er vitaskuld á ábyrgð kærðs eða hvers annars sem kann að vera að ráðska með eignir Helga Hallgrímssonar, eptir að hann að mínu viti er skyldugur að gefa bú sitt upp til gjaldbrotaskipta. Eg þarf varla að geta þess, að eg hefi aldrei verið kvaddur á nokkurn fund skuldheimtumanna Helga Hallgrímssonar. Kærðum hefir þótt tryggara að geta svikizt aptan að mér í þessu máli.

Eg vil taka það fram, að N. Manscher er ekki löggiltur endurskoðandi. Eg lét hér með fylgja bréf hans og svar mitt. Eg hefi ekki haft tækifæri til að athuga endurskoðun hans, en ekki dreymir mig slíkar hillingar, að hún sé rétt. Hann fékk hjá mér allar þær upplýsingar, sem eg vildi láta honum í té, en átti heimtingu á engu, enda neitaði eg honum um afhendingu áminnt. gagns. Kærður skrifar, að þetta bendi til, að það sé ekki hagsmunir umbjóðanda minna, er eg láti mig mestu skipta, enda sé yfirleitt erfitt að skilja framferði mitt. Þetta táknar það, að það sé nánast ótilreiknanlegt, hvernig eg komi fram; en að minnsta kosti vinni eg ekki að hagsmunum umbjóðanda minna. Þetta er atvinnurógur á mjög háu stigi.

Það kom í ljós, að stefnan á hendur ábyrgðarmanni O. Lindholm fórst fyrir, enda var hún á bónda úti á landi og réttarhléð að byrja. En einnig um ábyrgðarmann Grotrian-Steinweg kom það fram, að hann galt ekki víxil sinn. - Hvers vegna ekki átti að mega halda aðalskuldara til að efna skyldur sínar, er hann hefir á allan hátt vanefnt og svikið, þó að líka sé reynt það, sem unnt er til að ná greiðslu hjá ábyrgðarmönnum, er mér ekki ljóst. Eg veit ekkert algengara en að aðalskuldara og ábyrgðarmanni sé stefnt saman og það þótt sjálfskuldarábyrgð sé.

Það er mjög herfileg blekking hjá kærðum, er hann þykist benda á, að óráðlegt sé að byrja lokaútsölu á vörubirgðum Helga strax, og að það væri versta ráðið fyrir skuldheimtumennina. Það skipti engu máli, hvort Helgi varð gjaldbrota í vor eða haust, því að það er skiptaráðanda skylda að annast um, að bú sé selt á hagfelldasta tíma. Eg hefi allt af verið þeirrar sannfæringar og er það enn, enda hefi eg jafnan breytt eptir henni, að ef kaupskýslumaður hefir vilja til að halda atvinnu sinni áfram og borga öllum sitt, þá eigi að sýna linkind og veita greiðslufrest, ef tók eru á. Þetta hefi eg gjört viðvíkjandi Helga Hallgrímssyni, af því að eg trúði á, að hann hefði vilja til þessa. Þessi trú mín styrktist við það, að faðir hans gekk í 3000 króna ábyrgð fyrir hann, og þá ekki síður við það, að Bjarni Ásgeirsson bankastjóri og alþingismaður gekk í 5000 króna ábyrgð fyrir hann. Eg hélt, að þessir menn myndu gjöra allt, sem unnt væri til þess, að Helgi gæti bjargast yfir hina erfiðu tíma. Þetta reyndist skakkt. Hvorugur þessara manna sinnti ábyrgðum sínum nokkurn hlut og skiptu sér ekkert af Helga hag eða ástæðum, enda kemur það í ljós, eptir að kærður er farinn að gefa Helga ráð, að það er ekki ætlun hans að halda viðskiptunum áfram heldur gjöra upp, hætta atvinnurekstrinum.

Það er ekki sennileg staðhæfing, að meiri hlutur lánardrottna Helga Hallgrímssonar hafi veitt skriflegt samþykki til, að Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar verði gjörð upp undir umsjá þriggja manna. Eg vil fyrst taka það fram, að Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar er ekki firma, eins og kærður gefur í skyn, heldur einungis atvinnurekstur hans sjálfs. Eg leyfi mér að mótmæla því, að nokkurs konar samþykki í þessa átt hafi veitt af hálfu meiri hlutar lánardrottanna. Og enn ákveðnara mótmæli eg því, að meiri hlutur þeirra hafi gjört það að skilyrði, að eg væri eigi í skilanefnd í búi Helga Hallgrímssonar. Eg veit, að eg er svo vel kynntur að minnsta kosti meðal stéttarbræðra minna í þessum bæ, að það hefði aldrei getað komið fyrir, að slíkt skilyrði væri sett. En hvort sem það skilyrði hefir verið sett eða eigi, og hvort sem það hefir þá verið sett af mörgum eða fáum, þá er hér af kærðs hálfu um að ræða svasnasta atvinnuróg.

Bréfið endar á beiðni um samþykki til þessarar óforsvaranlegu liquidationar sjálfskipaðrar skilanefndar atvinnurógbera. En jafnframt er sett fram fullkomlega ósamileg hótun til firmans, sennilega byggð á

ósannindum, að það eigi engis annars úrkosti, því að ef nefndin geti eigi setzt á laggirnar með samkomulagi, muni hún leita löggildingar með nauðasamningum, eða að minnsta kosti fáist þá staðfestur nauðasamningur án ihlutunar firmans, þar eð meiri hluti lánardrottna að tölu og fjárhæð á að hafa verið tryggður.

Árið 1933, þann 19. júní, eða 8 dögum áður en kærður reit bréfin til hinna heiðruðu firmna Verlag Ullstein og Bosworth & Co. og níu dögum áður en hann reit bréfin til hinna heiðruðu firmna O. Lindholm og Grotrian-Steinweg, gengu í gildi lög nr. 84 s.ð. um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Lög þessi bættu úr brýnni þörf. Áður mátti heita, að menn stæðu uppi varnarlausir fyrir svæsnasta atvinnurógi, því að oft gat reynzt torsoðtt að öðlast vernd meiðyrðalöggjafarinnar einnar.

Í 11. gr. áminnztra laga segir svo:

"Nú fer einhver með eða útbreiðir um annað atvinnufyrirtæki rangar sögusagnir, sem miða til þess að hnekkja því fyrirtæki, eða í því skyni að hana til sín viðskiptamenn þess, hvort heldur slíkar sögusagnir snerta eiganda fyrirtækisins, vörur þess eða aðra hagi, og skal hann sata sektum, allt að 6000 kr., og ef miklar sakir eru, allt að 6 mánaða einföldu fangelsi".

Fyrirsögn laga þessara er Lög um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum og í grein þessari er auk þess talað um vörur. Hér er þó beint sagt, að um atvinnufyrirtæki almennt en ekki að eins verzlunarfyrirtæki sé að tala, sbr. 10. gr., enda eru tekin önnur dæmi en þau, er sérstaklega þurfa að eiga við verzlunir einar. Það getur nú ekki orkað neins tvímælis, að málflutningssskrifstofa er atvinnufyrirtæki, sem fellur beint undir bókstaf lagagreinarinnar og nýtur verndar hennar. Kærður hefir bæði farið með og útbreitt um málflutningssskrifstofu mína rangar sögusagnir, sem miðuðu til þess að hnekkja atvinnu minni og hana til sín viðskiptamenn mína, og vörðuðu þessar sögusagnir bæði sjálfan mig, málflutningsstörf mín og hagi. Kærður hefir því brotið gegn grein þessari í öllum þeim atriðum, er hún nefnir, jafnvel í nær hverju dæmi, er þar er minnzt, enda hefði hvert einstakt þeirra verið ærið nóg.

Nú virðast mér vera miklar sakir fyrir hendi. Hér er ekki um það að tefla, að venjulegur skúmaskotsrógberi hvísli, að þessi og þessi málflutningsmaður sé svona og svona, hann drekki, sé lélegur lögfræðingur, óreglu- maður o.s.frv. Nei, hér kemur ennverandi málflutningsmaður við Hæstarétt Íslenzka ríkisins (barrister), og niðir niður atvinnu mína og sjálfan mig með bréfum, fullum af lygum og rógi. Þessi bréf sendir hann til viðskiptavina minna í útlöndum, þar sem hann veit, að engin skilyrði eru til að dæma um, hvort rétt er með farið eða rangt. Afbrot þetta er drýgt með þeirri frekju, sem einkennir rottu eða ragan hund, sem heldur, að sér sé óhætt að bíta.

Mér er ekki ljóst, hversu fyrir hendi mega vera miklar sakir í atvinnurógi þeim, er áminnzt lagagrein verndar gegn, ef eigi er hér. Eg get því ekki séð, hversu kærður getur sloppið við tukthús.

Eg get ekki sannað það tjón, er eg hefi beið við atvinnuróg þennan. Eg hefi þó ekki fengið umbeið málflutningsumboð frá firmanu Borworth & Co. Virðist því rógurinn hafa hrifið þar. En eg get ekki áætlað tjón mitt minna en þar kr. 1000,00, er löglíkur eru fyrir, sbr. 16. gr. áminnztra laga, 4. mgr.

Eg krefst þess, að kærður Guðmundur Ólafsson, hæstaréttarmálaflutningsmaður, til heimilis á Smáragötu 10 í Reykjavík, sé dæmdur í þingstu refsingu, er lög leyfa, fyrir áminnztan atvinnuróg og ásælni til viðskiptamanna minna, svo og að hann sé dæmdur til að greiða mér kr. 1000,00 í skaðabætur.

Virðingarfyllst  
(sign.) Magnús Thorlacius.

Innl.

1. Bréf kærðs til O. Lindholm, dags. 28. júní 1933.
2. Bréf sama til Grotrian-Steinweg, dags. s.d. (samrit).
3. Bréf Verlag Ullstein til mín, dags. 18. júlí 1933.
4. Þýðing fyrstnefndra bréfa, gjörð af löggiltum skjalabýðanda.
5. Kvittun frá sama.
6. Bréf N. Manscher til mín, dags. 2. júní 1933.
7. Eptirrit bréfs míns til N. Manscher, dags. s.d.

Til lögreglustjórans í Reykjavík, herra Hermanns Jónassonar.

Símnefni: Isbjörn.

Reykjavík, 28. júní 1933.  
Ísland

Hr. O. Lindholm,

B o r n a.

Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar hér í bænum hefir um nokkurt skeið átt við mikla erfiðleika að stríða. Í fyrsta lagi eiga þessir erfiðleikar rót sína að rekja til þess, að firmað hefir tilfinnanlega vantað rekstrarfé, og auk þess hefir það beðið mikinn hnekki vegna innflutningshafta þeirra, sem í gildi hafa verið upp á síðkastið hér á landi, og sem banna innflutning á nær því öllum "Luksus"-vörum, en í þeim flokki tekjast aðal-vörutegundir téðs firma, svo sem grammofónplötur og allskonar hljóðfæri. Þá er enn fremur ríkis-einkasala á útverpstækjum og radio-grammofónum og hefir það áhrif á verzlun af þessu tagi.

Það er orðin föst venja hér á landi þegar hljóðfæri eins og t.d. harmonium eða piano (slagharpa) er selt, að það er selt gegn afborgun, þannig að kaupandi skuldbindur sig til að greiða hljóðfærið með föstum mánaðarlegum afborgunum, en útborgunin er að eins lítill hluti af verði hljóðfærisins. Venjulega er söluverðið ákveðið samkvæmt gengi á gjaldeyri útflutningslandsins eins og það er á þeim degi, og hafa því allar gengissveiflur áhættu í för með sér fyrir kaupmanninn (útsöllumenninn). Á síðustu árum hafa verið talsverðar gengissveiflur, sérstaklega að því er snertir þýzka gengið, og hefir firma þá, sem hér um ræðir, tapað miklum upphæðum þess vegna. En þrátt fyrir það, að firma þetta hefir, eins og fyr segir, átt við alvarlega erfiðleika að stríða, hefði engir af þessum erfiðleikum reynzt ósigrandi ef ekki einn af umboðsmönnum lánardrottna firmans hefði framfylgt kröfum sínum svo miskunnarlaust, að það hlaut að hafa alvarlegar afleiðingar.

Eins og yður er kunnugt er krafa yðar á Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar að upphæð

RM. 2.568.00

og hefir málfærslumönnunum Sig. Eggerz & M. Thorlacius verið falin krafa þessi til innheimtu. Sem tryggingu fyrir kröfu þessari afhenti firmað nefndum málfærslumönnum sölusamninga um hljóðfæri, og var svo til ætlazt, að afborganir samkvæmt samningum þessum gengi beint til málfærslumannanna. Hvað kaupendur snertir voru samningar þessir góð trygging og átti því kröfu yðar að vera vel borgið. Málfærslumennirnir hafa innheimt afborganirnar, þegar þær falla í gjalddaga, og gera enn, en hvað sumum samningunum viðvíkur þá höfðu málfærslumennirnir ekki tilkynnt skuldunautum að mánaðarafborganirnar ætti að greiða til þeirra, og voru því nokkrar þeirra greiddar á skrifstofu Hljóðfæraverzlu- unar Helga Hallgrímssonar, en strax og þessu var veitt athygli voru peningar þeir, er þannig höfðu verið greiddir, afhentir málfærslumönnunum, sem tóku við þeim athugasemdalaust. Nokkru síðar gekk annar félaginn í málfærslufirma þessu, herra Eggerz, úr félagsskapnum, þar eð hann hafði verið skipaður dóm- ari í héraði úti á landi, og eftir það gekk hinn félaginn, herra M. Thorlacius, svo hart að Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar að hann jafnvel hótaði sakamálahöfðun, gjaldbroti o.s.frv. Útaf þessu ráðfærði Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar sig við okkur. Við ráðlögðum þeim strax að beiðast gjaldprotameðferðar til þess að koma í veg fyrir að einn lánardrottinn tryggði sér betri aðstöðu en hinir. Beiðni var þvínæst send til skiptaráðanda og firmanu N. Manscher var falið að framkvæma nákvæma endurskoðun á bókum firmans. Niðurstaðan af þessu varð sú, að Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar reyndist gjaldfær, þar eð eignir námu kr. 2.832.05 umfram skuldir. Á fundi lánardrottna, þar sem þessi niðurstaða var gjörð kunn, neitaði skiptaráðandi að taka beiðnina til greina og skipaði hr. M. Thorlacius að halda áfram innheimtu samkvæmt samningum þeim, sem honum hefðu verið afhentir sem trygging,

og hætta að ofsækja Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar. Úrslitin urðu þau, að hr. M. Thorlacius lofaði að gjöra það og hefir málið síðan legið niðri, nema að hr. Thorlacius hefir þegar byrjað að gefa út stefnur á Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar fyrir sméum og ótryggðum skuldum, sem hann hefir til innheimtu.

Við létum ekki hjá líða að geta þess, að hr. M. Thorlacius neitaði að gefa hinum löggiltu endurskoðendum, firmanu N. Manscher, nákvæma skýrslu um einstök atriði viðvíkjandi skuld Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar við yður, og virðist það ekki benda til þess, að það séu yðar hagsmunir sem hr. Thorlacius lætur sig mestu skipta, enda er yfirleitt erfit að skilja framferði hans.

Auk sölusamninga þeirra, sem að ofan greinir, hafði hr. M. Thorlacius verið afhentur víxill, að upphæð kr. 5.000.00, tryggður með ábyrgð kaupþýslumanns hér í bænum, og hefir hann nú gefið út stefnu bæði á hendur Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar og ábyrgðarmanninum, að því er virðist í þeim tilgangi, að gera lögtak í eignum beggja, þegar dómur hefir gengið í málinu.

Þó athugun á reikningum Hljóðfæraverzlnar Helga Hallgrímssonar sýni að verzlunin er gjaldfær sem stendur, má þó fara þannig með þú firmans, að það verði ógjaldfært, og verði þess valdandi, að lánardrottinnar missi meginíð af kröfum sínum, séu þær ekki sérstaklega tryggðar. Við viljum sérstaklega benda á, hversu óráðlegt það væri að byrja nú lokaútsölu á vörubirgðum firmans, því kaupgeta fólks er yfirleitt lítil sem stendur og vörur þær, sem hér um ræðir, eru mest keyptar á haustin.

Á ofanefndum fundi skuldheimtumanna var borin fröm og samþykkt af skiptaráðanda tillaga um, að Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar skyldi lokað, og vörurnar seldar með haustinu, þegar fólk á hægara með að kaupa. Samkvæmt þessu hefir húsnæði því, sem firmað hefir á leigu, verið sagt upp, og komið í veg fyrir allan frekari kostnað við það, en geymslustaður fyrir vörurnar hefir verið fenginn annarsstaðar. Það er álit okkar að þetta sé hyggilegasta leiðin til þess að fá svo mikið verð sem mögulegt er fyrir vörubirgðirnar og aðrar eignir firmans, og verður það auðvitað allt notað til þess að greiða lánardrottnum. En að selja vörurnar á uppboði og gera Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar gjaldþrota væri að okkar áliti versta ráðið, sem lánardrottinnar firmans gatu tekið.

Meirihluti lánardrottna hafa nú veitt skriflegt samþykki sitt þeirri tillögu okkar, að Hljóðfæraverzlun Helga Hallgrímssonar loki, og að vörubirgðunum verði komið í peninga á sem hagstaðastan hátt undir umsjón þriggja umboðsmanna, er skuldheimtumenn velja; en í þessu sambandi skal þess getið, að vegna þess, hvernig hr. M. Thorlacius hefir hagað sér gagnvart Hljóðfærhúsi Helga Hallgrímssonar og skuldheimtumönnum þeim, sem enga tryggingu höfðu, hafa lánardrottinnar gert það að skilyrði, að hann verði ekki einn af þessum þrem umboðsmönnum.

Um leið og við sendum yður útdrátt á ensku úr skýrslu hr. N. Manschers um reikningshald firmans, dags. 12. þ.m., leyfum við okkur að beiðast þess, að viðskipti Hljóðfæraverzlnar Helga Hallgrímssonar verði gerð upp og þeim lokið á þann hátt, sem að ofan er stungið upp á, enda haldið þér þá að sjálf-sögðu öllum forréttindum, sem þér hafið gagnvart nefndu firma vegna veðsetningar á sölusamningum og víxiltryggingarinnar. Ef þér, gagnstætt vonum okkar, ekki sjáið yður fært að samþykkja þessa aðferð, þá verður hin leiðin tekin upp, sú, að leita greiðslusamninga (naúðasamninga?), og höfum við, ef svo fer, tryggt nægilegan stuðning, bæði að því er snertir meiri hluta atkvæða og fjárhæðar, fyrir greiðslusamning (naúðasamning?), er skiptarétturinn staðfestir. En jafnvel í þessu tilfalli haldið þér forréttindum þeim, sem þér hafið tryggt yður.

Við vonum að heyra frá yður viðvíkjandi máli þessu sem fyrst.

Virðingarfyllt  
(sign.) Guðmundur Ólafsson

-----00-----  
Þýðing af mér sýndu frumriti á ensku.

Reykjavík, 12. ágúst 1933.

(sign.) Inga Magnúsd.

(stimpill)